

Pylsubarinn – vegna sorpgáms 1703252

Manning ehf óskar með bréfi dags. 14.3.2017 eftir lóðarstækkun v. sorpgáms eða heimildar til að staðsetja hann utan lóðar.




Núverandi aðstæður við Pylsubarinn

Umsögn:

Lagt er til að Manning ehf verði veitt tímabundin heimild til afnota af lóðarskika utan lóðarinnar að Fjarðargötu 9a vegna sorpgáms eða sorpíláta. Leyfi verði veitt til 18 mánaða í senn með skriflegu samkomulagi á milli aðila.

Heimildin verði þeim skilyrðum háð að sorpílát verði eins lítil að umfangi og unnt er að komast af með, eða ekki stærri en 4 m^3 samtals. Einnig verði skilyrt að lóðarhafi sjái til þess að limgerði verði komið fyrir umhverfis sorpílát, 1.2 - 1.5 meter að hæð, þannig að það/þau verði sem minnst sýnileg frá Strandgötu, Fjarðargötu og Linnetsstíg. Sorpílát verði ekki staðsett við bakhlið Pylsubarsins eins og gert er í dag.

Meðfylgjandi skissa sýnir staðsetningu sorps og fyrirkomulag gróðurs á landsskika norðan byggingarinnar, sem tímabundin heimild til afnota er veitt fyrir:



4. apríl 2017

Guðrún Guðmundsdóttir arkitekt/skipulagsfræðingur

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar